



Reykjavík, 8. október 2025
PON25030001

Borgarráð

Afgreiðslubréf: Heimild til að hefja verkefnið Framþróun og fjölbreytni á reykjavik.is

Á fundi stafræns ráðs þann 10. september 2025 var lögð fram heimildarbeiðni, dags. 4. júní 2025, um að hefja að hefja verkefnið Framþróun og fjölbreytni á reykjavik.is ásamt fylgigögnum sbr. 4. lið fundargerðar stafræns ráðs s.d.

Lagt var til að stafrænt ráð samþykki verkefnið og að það sé skilgreint í fyrsta forgangi. Tillagan var samþykkt í fyrsta forgangi með fjórum atkvæðum fulltrúa Pírata, Sósíalistaflokks Íslands og Flokks fólksins gegn tveimur atkvæðum fulltrúa Sjálfstæðisflokksins og vísað til meðferðar borgarráðs. Fulltrúi Framsóknarflokksins sat hjá við afgreiðslu málsins.

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins lögðu fram svohljóðandi bókun:

Borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins lýsa sig andsnúna því að ríflega 20 milljónum króna sé eytt í stafræna verkefnið "Framþróun og fjölbreytni", sem snýst í grunnatriðum að gera upplýsingavef borgarinnar meira smart. Það er ekki forgangsverkefni í þjónustu við borgarana að geta birt myndir og myndbönd sem sýna "lífandi og fjölbreytt mannlífsefni á vefnum".

Tilkynnist það hér með.

F.h. stafræns ráðs,

Sólveig Skaftadóttir,
starfsmaður stafræns ráðs



Reykjavík